

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum
og vogaráhöldum.

	1. gr.	Kr.
1. Vogarlóð:		
Allir massar		175,00
2. Metaskálar fyrir lyfjaverslanir og efnarannsóknastofur:		
Burðarþol: allar stærðir		750,00
3. Jafnarmavogir:		
Burðarþol: allar stærðir		750,00
4. Tugavogir: hundraðsvogir og rennilóðavogir:		
Burðarþol: að 2 000 kg		750,00
Burðarþol: yfir 2 000 kg		1 750,00
5. Vísavogir:		
Burðarþol: að 1 000 kg		900,00
Burðarþol: yfir 1 000 kg		2 100,00
6. Rafeindavogir:		
Burðarþol: að 25 kg		950,00
Burðarþol: 26–5 000 kg		2 100,00
Burðarþol: 5 001–30 000 kg		2 500,00
Burðarþol: yfir 30 000 kg		3 750,00
7. Kvarðar og málbönd:		
Lengd: að 1 m		140,00
Lengd: yfir 1 m		190,00
Mælivélar fyrir lengdarmál		210,00
8. Flotmælar:		
Allar gerðir		280 000
9. Mæliker:		
Velti- og kúluvín-mælar; rúmtak 3&6 cl		280,00
Rúmtak: að 5 l		200,00
Rúmtak: yfir 5 l		500,00
10. Rennslismælar:		
Fyrir mjólk		420,00
Fyrir eldsneyti og olíur; birgðadælur og tankbílar		420,00
Fyrir eldsneytis- og olíusöludælur		385,00
11. Möskvamælar:		
Allar gerðir		750,00
	2. gr.	
Eftirlitsgjald		650,00
Vottorðsgjald		280,00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt texta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem ein klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast einnig: akstur, ferðakostnaður sem og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 621/1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. mars 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

18. apríl 1989

Nr. 219

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2., og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum, Strandasýslu, í Mosfellsbæ, á Akranesi, í Borgarnesi, í Ólafsvík, í Stykkishólmi, á Ísafirði og í Bolungarvík. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sækja um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok janúarmánaðar ársins 1990 skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 1990.

Menntamálaráðuneytið, 18. apríl 1989.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Pórunn J. Hafstein.